

Bréf frá Boga Nilssyni.

Í tilefni af bankahruninu ákvað ríkissaksóknari, Valtýr Sigurðsson, um miðjan októbermánuð sl., að afla staðreynda um starfsemi bankanna Glitnis hf., Landsbanka Íslands hf. og Kaupþings hf., útibúa þeirra og fyrirtækja í þeirra eigu, tilfærslu eigna, einkum á síðustu mánuðum starfseminnar fyrir hrun þeirra með það að markmiði að kanna hvort þar hefði verið framkvæmt eitthvað sem gæfi tilefni til lögreglurannsóknar á grundvelli laga um meðferð opinberra mála. Þetta taldi ég vera verkefnið í hnotskurn sem ríkissaksóknari ákvað að ráðast í.

Að beiðni ríkissaksóknara tók ég að mér að stýra þessu verki samkvæmt erindisbréfi ríkissaksóknara, dagsettu 23. október sl.

Nokkurri gagnaöflun og undirbúningsvinnu er þegar lokið.

Ég hef nú ákveðið að hætta því starfi sem ég tók að mér fyrir ríkissaksóknara enda finnst mér ég ekki lengur njóta nægilegs almenns trausts til að sinna því. Hef ég skýrt ríkissaksóknara frá þessari ákvörðun.

Hér á eftir mun ég m.a. skýra lauslega frá tillögum mínum til ríkissaksóknara um hvernig ég taldi rétt að standa að athugun á starfsemi bankanna með ofan nefnt markmið hans í huga.

Fyrst vil ég víkja að því að í umfjöllun um ákvörðun og aðgerðir ríkissaksóknara hefur gjarnan verið getið um væntanlega skýrslugerð hans í því sambandi og jafnframt að dómsmálaráðherra hafi falið ríkissaksóknara verkefnið sem hann ákvað að ráðast í. Löglærður þingmaður hefur talið ríkissaksóknara og mig, sem ríkissaksóknari réð til að stýra verkinu, vera eins konar stjórnslunefnd í þessu sambandi.

Þessi þáttur í umfjölluninni hlýtur að vera byggður á misskilningi um það markmið sem athugun ríkissaksóknara hefur. Samkvæmt gildandi lagaákvæðum um ákærvaldið hefur dómsmálaráðherra ekki vald, nema í undangtekingartilviki sem hér skiptir ekki máli, til þess að gefa ríkissaksóknara fyrirmæli um verk sem hefur það að markmiði að kanna hvort refsiverð háttsemi hafi verið drýgð. Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákærvalds og tekur ekki við fyrirmælum um meðferð þess valds frá nokkrum. Hins vegar getur dómsmálaráðherra, lögum samkvæmt, krafist ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál sem eru eða hafa verið til meðferðar hjá ákærvaldi.

Á blaðamannafundi forsætisráðherra og utanríkisráðherra þann 24. október sl. í tilefni af bankahruninu lýsti utanríkisráðherra því að gera þyrfti úttekt sérstaklega á því hvort eftirlitsstofnanir, svo sem Seðlabankinn, Fjármálaeftirlitið og ráðuneytin, hafi ekki virkað sem skyldi í eftirliti sínu með markaðnum. "Ég tel að þingið þurfi að koma að [úttektinni] og við þurfum að fá aðila erlendis frá til að aðstoða okkur svo fullt traust og trúverðugleiki ríki um að tengsl og hagsmunir ráði ekki för", sagði Ingibjörg Sólrún utanríkisráðherra. Undir það tók Geir H. Haarde, forsætisráðherra. Utanríkisráðherra sagði jafnframt sjálfgefið að ríkissaksóknaraembættið skoðaði hvort einhver lögbrot hefðu átt sér stað í tengslum við fjármálakreppuna.

Ég taldi, m.a. með hliðsjón af þessum ummælum ráðherranna, að skýrslugerð af hálfu ríkissaksóknara um aðdraganda bankahrunsins væri víkjandi, þótt sjálfsagt væri að gera dómsmálaráðherra grein fyrir framvindu könnunar ríkissaksóknara í skýrslu. Megin viðfangsefni ríkissaksóknara væri hins vegar, eins og áður segir, að kanna hvort refsiverð lögbrot hafi verið framin í starfsemi bankanna a.m.k. á síðustu mánuðum starfseminnar. Er það viðfangsefni í samræmi við hlutverk ríkissaksóknara samkvæmt 1. mgr. 27. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Þótt ekki liggi fyrir beinar eða skýrar grunsemdir um að refsiverð lögbrot hafi verið framin í starfsemi bankanna er réttlætjanlegt og jafnvel sjálfsagt, þótt óvenjulegt sé, að ríkissaksóknari efni til slíkrar frumathugunar sem æðsti handhafi ákærvalds m.a. vegna þeirra gífurlegu fjármuna sem glatast hafa og hörmulegra afleiðinga bankahrunsins fyrir land og þjóð. Umfang tjónsins, eitt út af fyrir sig, vekur grunsemdir um að refsiverð lögbrot hafi verið framin í starfsemi bankanna. Þá hafa komið fram vísbendingar um margvísleg kross eigna- og eigenda tengsl hjá bönkunum og helstu viðskiptavinum þeirra, sem ástæða er til að kanna rækilega. Kvittur er um sitthvað misjafnt varðandi peningamarkaðssjóði bankanna; um óeðlileg lán til

stjórnenda þeirra og um grunsamlegar ráðstafanir og fjármagnsflutninga skömmu fyrir hrúnið svo eitthvað sé nefnt.

Ljóst er að ákærvaldið hefur ekki á að skipa starfsmönnum sem geta innt af hendi þá sérfræðilegu athugun sem nauðsynlega þarf að framkvæma á þess vegum í bönkunum. Þá verður að hafa í huga að flest eða öll stærstu endurskoðunarfyirtæki landsins hafa með einum eða öðrum hætti tengst eftirliti og endurskoðun á íslensku bönkunum eða helstu viðskiptavinum þeirra. Loks hafa margir íslenskir hagfræðingar og aðrir sérfræðingar á sviði bankamála tjáð sig um bankahrúnið í fjölmiðlum. Í raun eru örfáir ef nokkrir hér á landi sem búa yfir sérfræðiþekkingu til að sinna nákvæmri úttekt á starfsemi bankanna síðustu mánuðina og geta um leið talist óvilhallir og trúverðugir í því starfi.

Í bréfum til ríkissaksóknara, dagsettum 22. og 27. október sl., hef ég lýst þeirri skoðun að ekki verði hjá því komist, eigi fullt traust og trúverðugleiki að ríkja um umrædda athugun á vegum ríkissaksóknara, að leita til erlendra óháðra sérfræðinga sem framkvæmi úttekt á starfsemi bankanna, útibúa þeirra og fyrirtækja í þeirra eigu, tilfærslu eigna, einkum á síðustu mánuðum starfseminnar fyrir hrún þeirra. Greinargerðir og niðurstöður hinna erlendu sérfræðinga geta síðan orðið lyklar að sakarefnum sem lögreglunni ber að rannsaka.

Taldi ég rétt að staðið yrði þannig að málum að leitað yrði til a.m.k. þriggja erlendra fyrirtækja sem hafa í sinni þjónustu reynda rannsóknara, "forensic auditors". Senda þyrfti þeim einskona útboð og afla tilboða frá þeim í verkið.

Þá taldi ég alþjóðleg endurskoðunarfyirtæki sem eiga sér systurfélag hér á landi ekki koma til greina sem tilboðsgjafa.

Ekki færi á milli mála að kostnaður við könnunina yrði mjög mikill ef þessi leið yrði farin og að afla yrði tryggingar fyrir því hjá fjárveitingavaldi, áður en útboð færi fram, að sá kostnaður yrði greiddur. Ég lýsti þeirri skoðun að þetta verk yrði að vinna með þessum hætti hvað sem það kostaði og tók fram að ég treysti mér ekki til að stýra verkinu sem ríkissaksóknari hafði falið mér nema erlendir sérfræðingar, "forensic auditors" yrðu ráðnir til þess.

Þótt annað mál sé þykir mér rétt að minna á það að lokum að marg umrædd könnun ríkissaksóknara girðir alls ekki fyrir lög- og venjubundnar kæruleiðir til lögreglu eða ákærvalds.

Fjármálaeftirlitið hefur með höndum eftirlit með starfsemi fjármálastofnana í landinu, þeirra á meðal viðskiptabankanna. Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998 ber Fjármálaeftirlitinu að vísa til lögreglu meiri háttar brotum á lögum og reglum sem Fjármálaeftirlitinu hefur verið falið að framfylgja. Ætla má að Fjármálaeftirlitið hafi, síðustu daga og vikur, m.a. verið að kanna hvort framin hafi verið refsiverð brot í starfsemi bankanna fyrir bankahrúnið á lögum og reglum sem því ber að framfylgja. Vafalaust mun Fjármálaeftirlitið vísa meiri háttar brotum, sem það telur hafa verið framin í starfsemi bankanna, til lögreglu.

Þá getur sérhver sem telur að framið hafi verið refsivert brot í starfsemi bankanna að sjálfsögðu kært slíka háttsemi til ákærvalds, lögreglu eða Fjármálaeftirlits.

4. nóvember 2008

Bogi Nilsson